

## 73. fundur

Fræðslunefnd Stykkishólms hélt fund mánudaginn 6. mars 2006 kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Mættir voru úr Fræðslunefnd Björn Sverrisson, formaður, Katrín Gísladóttir, Ingveldur Eypórsdóttir og Kristín Víðisdóttir. Katrín Pálsdóttir boðaði forföll Auk þeirra Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri og Elísabet L. Björgvinsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri, Elín G. Pálsdóttir, fulltrúi starfsfólks í leikskóla og Unnur Breiðfjörð, fulltrúi kennara.

Formaður setti fund, bauð nýja fulltrúa velkomna og gengið var til dagskrár.

1. Skýrslur skólastjóra.
- 1.1. Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.
  - a) Numicon-námskeið 13. febrúar sl. gekk mjög vel. Sex fulltrúar frá skólanum sóttu námskeiðið.
  - b) Fundur í stjórn foreldrafélags GSS 14. febrúar sl. þar sem skólastjóri fundaði með stjórninni. Fjallað var um niðurstöðu eineltiskönnunar GSS frá því í desember og hvernig henni verður og hefur verið fylgt eftir. Ábyrgðarmaður er Elín Kristinsdóttir, kennari. Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri fór yfir niðurstöður eftir skólalóðarröltið við Skólastíg og Borgarbraut.
  - c) Þóra Margrét, forvarnarfulltrúi FSS, hefur lokið vinnu með stúlkunum í 8.-10. bekk – hefst þá vinnan með strákunum. Vinnan fer fram í félagsmiðtöðinni.
  - d) Helgi Reynir Guðmundsson, kennaranemi hóf vettvangsnám frá KHÍ mánudaginn 27. febrúar. Hann mun vinna með nemendum í 5. bekk ásamt Sólrúnu Júlíusdóttur.
  - e) Öskudagurinn 1. mars – skemmtilegur dagur sem tókst vel, til hamingju nemendur og foreldrar.
  - f) Kynning var í morgun 6. mars á FSN með nemendum 10. bekkjar, skólameistari og námsráðgjafi.
  - g) Fundur með foreldraráði GSS (Alda, Bylgja og Steinunn).
    1. Skóladagatal GSS 2006-2007, farið yfir og samþykkt samhljóða.
    2. Starfsmannamál GSS á komandi skólaári, Ágústína Guðmundsdóttir og Gunnar Gunnarsson fara í ársleyfi, smávægilegar tilfærslur verða á tímafjölda hjá einstökum kennurum.
  - h) Skólastjóri dreifði að lokum yfirliti yfir fasta fundi og viðburði í marsmánuði.

Formaður spurðist fyrir um fyrirhugaða námsferð til Bandaríkjanna á hausti komandi. Ferðin er áætluð um miðjan nóvember skv. skóladagatali. Skólastjóri svaraði fyrirspurninni.

Fyrirspurn kom einnig fram um danaheimsóknina. Skólastjóri upplýsti að danirnir komi í heimsókn vikuna 18.-22. september og eyði þeirri viku með 10. bekk.

Umræður urðu um starfsdaga grunnskóla og leikskóla á komandi skólaári.

Fyrirspurn kom fram um fyrirkomulag árs hátíðar sem haldin verður 29. og 30. mars. Skipulag árs hátíðar hjá yngri bekkjum verður með hefðbundnu sniði en skipulag hjá eldri bekkjum er enn í skoðun.

Formaður ræddi einnig starfsemi forvarnarfulltrúa og niðurstöður eineltiskönnunar.

1.2. Elísabet flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.

Öskudagurinn fór vel fram og var góð mæting á öskudagsböllin tvö sem haldin voru í leikskólanum. Skrúðganga var farinn yfir á sjúkrahús, þar sem sungið var á öllum hæðum og gerði það góða lukku. Skrúðgangan er sjálfsagt sú síðasta sem farin verður þar sem ætlunin er að leikskólinn verði fluttur í nýtt húsnæði á næsta öskudegi. Sönghópar frá deildum syngja annars reglulega á deildum sjúkrahússins.

Ásta Sigurbjörnsdóttir, talmeinafræðingur er nýbúin að koma og hitti hún 19 börn og foreldra þeirra í þeirri ferð. Starf hennar er fyrst og fremst ráðgjöf til foreldra og greining sem starfsmenn leikskólans vinna svo frekar úr.

Leikskólastjóri sótti um stöðu sérkennslustjóra við leikskólann í Stykkishólmi til bæjarráðs og var það samþykkt hjá bæjarráði.

Foreldraviðtöl hófust í morgun og standa áfram næstu daga og hafa ákveðnir þættir verið yfirfarnir fyrir þau og gefur það ákveðnar vísbendingar sem hægt er að vinna með áfram.

Elísabet hefur verið endurtekningur Hljóm-2 próf í leikskólanum.

Þemastarf er í fullum gangi í leikskólanum og er stefnt að opnu húsi á sumardaginn fyrsta skv. venju með tilheyrandi sýningu.

Þá hefur flensan látið á sér kræla og sett örlítið strik í starfsemina.

Starfsmenn hafa sótt námskeið á undanförunum vikum: Elísabet Lára og Magðalena fóru á Numicon námskeiðið 13. febrúar og hafa kynnt kubbana og notkun þeirra fyrir öðrum starfsmönnum leikskólans og lofa þeir góðu. Kvenfélagið Hringurinn gaf leikskólanum kubbasett til notkunar innan skólans.

Nanna Einarsdóttir og Elísabet Lára sóttu málörvunarnámskeið á vegum Talþjálfunar Reykjavíkur. Sigrún Þórsteinsdóttir og Elín G. Pálsdóttir tóku þátt í UT 2006 ráðstefnunni sem haldin var í Grundarfirði sl. föstudag en um 300 þátttakendur tóku þátt í ráðstefnunni sem var sú fyrsta gagnvirka sem haldin er á landinu.

Formaður spurði nánar út í Numicon-kubbana sem eru til bæði í grunnskóla og leikskóla. Gunnar og Elísabet skýrðu stuttlega hvernig þetta kerfi gengur fyrir sig.

Fyrirspurn kom fram um sumarlokun leikskólans. Elísabet upplýsti að það verði sumarlokun en ekki sé búið að ákveða dagsetningar.

2. Önnur mál.

- a) Fyrirspurn kom fram um hvort skoðað hafi verið að fá brúðuleikhús frá Blátt áfram í grunnskólann. Skólastjóri upplýsti að þetta mál sé í skoðun.
- b) Skólastjóri sagði frá fyrirhugaðri ferð 8. bekkjar í ungmenna- og tómstundabúðir að Laugum í Dalasýslu.
- c) Skólastjóri ræddi einnig nánar samvinnu grunnskóla og leikskóla varðandi skipulagningu starfsdaga. Það skipulag riðlast á komandi hausti vegna námsferðar grunnskóla en að jafnaði er haft gott samráð um þetta.
- d) Fyrirspurn kom fram um UT ráðstefnuna og hvort að fulltrúar hafi farið frá grunnskólanum. Skólastjóri upplýsti að Eypór Benediktsson hafi sótt ráðstefnuna fyrir hönd grunnskólans.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18.16.

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, fundarritari (sign.).